

Fundir stjórnar FUM frá 19. september til 14. nóvember 2005

Á tímabilinu voru haldnir 5 fundir sem formlega voru hjá undirbúnings-hópi vegna FUM ráðstefnunnar 19. nóvember. Allir stjórnarmenn nema ritstjóri tímaritsins voru í undirbúningshópi. Fundir voru haldnir 19. september, 26. september, 3. október, 7. nóvember og 14. nóvember.

Nokkrar praktískar ákvarðanir.

1. Ráðstefnubæklingur.

Guðný kemur efni til Hafþórs (ávarpi og endanlegri dagskrá) og upplýsingum um endanlega styrktaraðila. Guðný hefur samband við þá styrktaraðila sem ekki hafa svarað endanlega. (HR, HA, Námsmatsstofnun, Menntamálaráðuneyti og Menntasvið Reykjavíkurborgar). Hafþór gengur frá bæklingi og kemur í fjölföldun

2. Menningarefni. Þórdís upplýsir að fyrir hádegið séu a.m.k. 2 atriði klár og dans í lokin við upphaf pallborðs. Vinnur áfram að hugmyndinni um píanóleik í upphafi ráðstefnu. Ákveðið að nefna ekki menningarefni í dagskránni, heldur láta það koma á óvart.

3. Pallborðið. Guðný hefur þegar beðið Börk að stjórna því og gefa viðkomandi þátttakendum fyrirsmæli. Þórdís sér um að fjöldi stóla og uppröðun verði rétt.

4. Málstofustjórn. Guðný hefur útbúið leiðbeiningar og mun senda þær til Hafþórs. Hafþór mun senda þær út til þeirra sem valdir hafa verið (af flytjendum) í hverri málstofu

5. Inngangsfyrirlesari. Hafþór hefur samband við Allyson til að fá ágríp af erindi fyrir ráðstefnubæklinginn og gengur úr skugga um að ljóst sé hver flytur erindið og að öll aðstaða í Skriðu verði góð.

6. Leiðbeiningar til fyrirlesara og málstofustjóra. Guðný kom með drög sem voru yfirfarin. Hún sendir þau til Hafþórs og til fyrirlesara.

7. Boðsgestir. Guðný sér um að bjóða þeim sem var boðið á ráðstefnuna 2003, þ.e. rektorum háskólanna, Menntamálaráðherra, menntamálanefnd alþingis, og formönnum kennarafélaganna (Eiríkur Jónsson, Elna Katrín Jónsdóttir, Ólafur Jónsson, Björg Bjarnadóttir, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Sigrún Grendal, Hanna Hjartadóttir,) og öðrum styrktaraðilum.

8. Skráning á ráðstefnuna. Jóhanna Rósa og Michael Dal munu ganga frá heimasíðu Fum þannig að aðgengilegt verði að skrá sig þar. Ákveðið var að hvetja alla til að skrá sig sem fyrst, en hafa samt þann möguleika opinn að skrá sig á ráðstefnudaginn.

9. Kynningarmál.

Ákveðið að kynna ráðstefnuna á póstlistum (Fum, KHÍ, HÍ, etv. HA og HR, koma á heimasíður þeirra og Kennarasambandsins. Að senda fréttatilkynningar í ljósvakamiðla og í blöð, reyna að komast að í Mbl. Sem sagt að nota önnur tæki en beinar auglýsingar sem kosta fé. Allar ábendingar um tengsl og kontakta vel þagnar.

10. Hugmynd að litljósrituðu plakati rædd, svipað og var 2003. Guðný kom með drög að texta og Hafþór athugar útfærslu og kostnað nánar. Hugmyndin að búa það til í kvelli og senda í háskólana og etv. Víðar.

11. Skipulag á ráðstefnudag.

Hafþór gjaldkeri hefur yfirumsjón með móttöku peninga og skráningu á ráðstefnudegi. Stjórnarmenn aðstoði við innritun og annað sem til fellur á ráðstefnudag. Erfitt að fá nema eins og til stóð.

Kaffi frá KHÍ, Stella kaupi smákökur og serviettur.

Hádegismatur verður til sölu í KHÍ, allt frágengið. Menningaratriði í Fjöru.

Þórdís athugar með blóm fyrir Skriðu og framkvæmd á boðinu í lokin.

Ákveðið að sleppa pennum og merkisþöldum.

12. Önnur mál. Voru ekki rædd.

Gleymdist að nefna bókakynningar. GG leggur til að takmarka kynningar við KHÍ og HÍ. Hafþór og/eða Þórdís beðin að hafa samband við Rannsóknarstofnun KHÍ vegna bókakynninga og útvega hillur eða aðstöðu á viðeigandi stað. GG hefur samband við Félagsvísindastofnun og Háskóla útgáfuna.

Guðný Guðbjörnsdóttir